

Fjölskyldu- og barnamálasvið

Hafnarfjarðar

Rannveig Einarsdóttir, sviðssstjóri

Strandgata 6

220 Hafnarfjörður

Reykjavík, þriðjudagur, 14. júní 2022

Tilvísun: 2022040033/30

Efni: Beiðni um samstarf varðandi fylgdarlaus börn sem sótt hafa um alþjóðlega vernd á Íslandi.

Barna- og fjölskyldustofa óskar eftir samstafi við Hafnarfjarðarbæ varðandi fylgdarlaus börn sem sótt hafa um alþjóðlega vernd á Íslandi. Innan fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðarbæjar hefur myndast góð þekking og reynsla í vinnu með fylgdarlausum börnum sem hefur einkennst af metnaði og jákvæðni í garð barnanna. Barna- og fjölskyldustofa hefur áhuga á því að óska eftir fjármagni hjá Mennta- og barnamálaráðuneytinu til að fara af stað með tilraunaverkefni í allt að tvö ár þar sem eitt sveitarfélag tæki við málaflokknum, fylgdarlaus börn. Ástæðan fyrir því er að í dag bera öll sveitarfélög á Íslandi ábyrgð á vinnslu fylgdarlausrara barna ef þau fá barnaverndartilkynningu um fylgdarlaust barn í sínu sveitarfélagi. Þau sveitarfélög sem hafa á síðustu árum verið helst að vinna með fylgdarlaus börn eru Reykjavík, Hafnarfjörður og Suðurnesjabær. Barna- og fjölskyldustofa hefur átt gott samtal við fulltrúa frá ofangreindum sveitarfélögum varðandi verklag í kringum þessi börn, hvernig hægt er samræma ferlið á milli sveitarfélaganna og gera það markvissara til að mæta betur þörfum þessara barna. Fulltrúar þessara sveitarfélaga og Barna- og fjölskyldustofu eru sammála um að best væri ef þessi málaflokkur yrði á hendi eins sveitarfélags til að tryggja fagmennsku og jafnræði í þjónustu við börnin.

Fylgdarlaus börn geta komið til landsins eitt eða með einhverjum aðila sem er ekki forsjáraðili barns. Þá er oftast um að ræða vin foreldra eða ættingja. Fylgdarlaus börn hafa upplifað ýmis konar áföll í lífinu, eru í hættu á að verða fyrir ofbeldi eða mansali. Þau þurfa góða umgjörð þegar þau koma til landsins þar sem hlúð er að líkamlegum og andlegum þörfum þeirra og jafnframt að þeim sé tryggt öryggi ásamt leiðsögn um daglegt líf. Á grundvelli 31. gr. útlendingalaga fer Barna- og fjölskyldustofu með hagsmunagæslu gagnvart fylgdarlausum börnum og í dag eru mál um 30 barna til skoðunar hjá stofunni. Þessum málum hefur fjölgð töluvert á þessu ári og er það aðallega um að ræða fjölgun barna frá Úkraínu sem koma til landsins í fylgd með fullorðnum einstaklingum, sem ekki eru forsjáraðilar barnanna.

Það er von Barna- og fjölskyldustofu að Hafnarfjarðarbær sé tilbúinn til samstarfs við stofuna um að óska eftir fjármagni frá Mennta- og barnamálaráðuneytinu til að koma á tveggja ára tilraunaverkefni í Hafnarfjarðabæ. Barna- og fjölskyldustofa mun leggja sig fram við að

vinna náið með barna- og fjölskyldusviði varðandi hugmyndafræðina að verkefninu og kostnaðaráætlun í tengslum við umsóknina til ráðuneytisins. Ef ráðuneytið er tilbúið að fjármagna tilraunaverkefnið þá leggur Barna- og fjölskyldustofa til að stofnaður verður starfshópur milli stofunnar og fjölskyldu- og barnamálasviðs til að halda utan um verkefnið og tryggja þannig þétt og öflugt samstarf á tímbilinu.

Virðingarfallst,
f.h. Barna- og fjölskyldustofu


Olöf Ásta Farestveit

forstjóri